

# Samþykkt

171  
5. des.

## um leigu fjörulóða á Ísafirði.

### 1. gr.

Hjer eftir skulu fjörulóðir á Ísafirði að eins seldar á leigu. Þó getur bæjarstjórn gert undantekningu frá þessu að því er snertir fjörulóðir við Fjarðarstræti, ef brýn nauðsyn þykir til bera.

Fjörulóð telst frá stórstraums flóðborði og svo langt í sjó fram, sem landaukar ná.

Öll ákvæði samþykta þessarar um fjörulóðir gilda einnig um land, sem látið er af hendi með fjörulóð til afnota í sambandi við hana.

### 2. gr.

Leigurjetti fylgir rjettur til bygginga og umbóta á leigulóðinni, svo og til bryggju-gerðar, með ráði og samþykki hafnarnefndar; en um afnot bryggjunnar um leigutímann fer eftir hafnarlögum og hafnarreglugjörðum.

### 3. gr.

Rjett er leigutaka að veðsetja leigurjett sinn og mannvirki, en selja því að eins, að leigusali hafi afsalað sjer forkaupsrjetti.

Til framleigu þarf samþykki bæjarstjórnar.

### 4. gr.

Gjöra skal brjef um leiguna í tveim samritum, er oddviti bæjarstjórnar og leigutaki undirrita. Leigubrjef skulu undirrituð um leið og leigulóð er afhent.

### 5. gr.

Leigutíminn skal vera 50 ár og teljast frá næstu áramótum eftir að leigubrjef er gjört, nema öðruvísi sje upphaflega ákveðið af bæjarstjórn en sagt getur leigutaki leigusamngi upp með árs fyrirvara frá árslokum að telja.

### 6. gr.

Sje í leigubrjefi eigi öðru vísi fyrir mælt, skal leigutaki áður 3 ár leigutímans eru liðin hafa gjört þau mannvirki á lóðinni að hún sje, að mati óvilhallra manna, nothæf til atvinnu þeirrar, er þar samkvæmt leigubrjefinu á að reka. Ella getur leigusali án fyrirvara sagt leigunni slitíð.

Mannvirki þau sem búíð er að gjöra á lóðinni eru eign leigutaka og má hann flytja þau brott ef lóðin að mati óvilhallra manna eigi spillist við það.

Öhreyfanleg mannvirki svo sem uppyllingar, steypugarða og steypuhús skal leigusali endurgjalda leigutaka eftir samkomulagi eða með því verði, sem leigusali getur selt þau öðrum þá þegar eða síðar melr, þó að frádreginni þeirri leiguupphæð, ásamt vöxtum og vaxta-vöxtum, sem hann missir í við biðina. Sama gildir er leigutaki segir leigunni upp.

171

5. des.

7. gr. Þarfnist leigusali hinnar leigðu lóðar til eigin nota, getur hann sagt leigunni upp, hvenær sem er með eins árs fyrirvara frá næstu áramótum. Skal hann þá kaupa af leigutaka mannvirki öll og umbætur á lóðinni fyrir sannvirði, samkvæmt mati.

8. gr.

Leigutaki hefur forgangsrjett til leigu að leigutíma liðnum.

Nú vill leigusali ekki framlengja leiguna og er honum þá skylt að kaupa umbætur á lóðinni og öll mannvirki fyrir  $\frac{2}{3}$  sannvirðis, án tillits til legu og afrásar, eftir eignarúámsmati nema öðru vísi semjist.

9. gr.

Aður en leigubrjef er gjört, skal fjörlóð metin til verðs og greiðir leigutaki leigu, 7 % af virðingarverðinu. Síðan skal lóðin metin á hverjum 10 árum og er leigan 7 % af því mati. Leigan hefur forgangsrjett fyrir öllum veðböndum og kvöðum, er á lóðinni og mannvirkjum leigutaka kunna að hvíla. Gjaldtagi leigunnar er 30. septbr. og rennur hún í lóðarsjóð.

Leigutaki greiðir skatta alla og kvaðir, er samkvæmt almennum lögum hvíla á útmældum lóðum í bænum.

10. gr.

Um mat samkvæmt samþykkt þessari fer að öllu eftir reglum í lögum um framkvæmd eignarúáms, að því er við getur átt.

11. gr.

Leigutaka er heimilt, með umsjón veganefndar, að leggja veg að lóð sinni svo sem með þarf. Leigutaki kostar vegagjörðina, en leigusali leggur til vegarstæðið ókeypis. Fyrir vegagjörðina skal ekkert endurgjald greiða, á hvern hátt sem leigunni er slitið.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar hefir samið og samþykkt, staðfestist hjer með, samkvæmt 15. gr. laga nr. 67, 14. nóv. 1917.

**Atvinnu-og-samgö gumáladeild Stjórnarráðsins, 5. desember 1919.**

**Sigurður Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*